

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2006/128/EB

2009/EES/25/26

frá 8. desember 2006

um breytingu og leiðréttingu á tilskipun 95/31/EB um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir sætuefni til notkunar í matvælum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/107/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi notkun leyfilegra aukefna í matvælum ⁽¹⁾, einkum a-lið 3. mgr. 3. gr.,

að höfðu samráði við vísindanefndina um matvæli og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/35/EB frá 30. júní 1994 um sætuefni til notkunar í matvælum ⁽²⁾ eru talin upp þau efni sem leyfilegt er að nota sem sætuefni í matvælum.
- 2) Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/31/EB frá 5. júlí 1995 um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir sætuefni til notkunar í matvælum ⁽³⁾ eru tilgreind hreinleikaskilyrði fyrir sætuefnin sem eru skráð í tilskipun 94/35/EB.
- 3) Nauðsynlegt er að samþykkja sértækar viðmiðanir fyrir E 968 erýtritól, nýtt aukefni í matvælum sem leyft var samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/52/EB frá 5. júlí 2006 um breytingu á tilskipun 95/2/EB um aukefni í matvælum önnur en litarefni og sætuefni og tilskipun 94/35/EB um sætuefni til notkunar í matvælum.
- 4) Í nokkrum tungumálaútgáfum tilskipunar 95/31/EB eru villur að því er varðar eftirtalin efni: E 954 sakkarín og natríum-, kalíum- og kalsíumsólt þess, E 955 súkralósa, E 962 aspartam- og asesúlfamsalt, E 965 (i) maltítól, E 966 laktítól. Nauðsynlegt er að leiðrétta þessar villur. Að auki er nauðsynlegt að taka mið af forskriftum og greiningaraðferðum fyrir aukefni sem eru settar fram í *Codex Alimentarius* og samdar af sameiginlegri sérfræðinganefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar

Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismála-stofnunarinnar um aukefni í matvælum. Einkum hafa sérstök hreinleikaskilyrði verið aðlöguð, þar sem við á, til að þau séu í samræmi við viðmiðunarmörk fyrir hvern og einn þungmálm sem skiptir máli. Til glöggvunar skal skipta út öllum textanum um þessi efni.

- 5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu komst að þeirri niðurstöðu í vísindalegu álitinu sínu frá 19. apríl 2006 að samsetning maltítólsíröps samkvæmt nýrri framleiðsluaðferð verði áþekk fyrirbyggjandi framleiðsluvöru og verði í samræmi við þær forskriftir sem fyrir eru. Því er nauðsynlegt að breyta skilgreiningunni á E 965 (ii) maltítólsíröpi, eins og hún er sett fram fyrir E 965 í tilskipun 95/31/EB, með því að bæta við þessari nýju framleiðsluaðferð.
- 6) Því ber að breyta og leiðrétta tilskipun 95/31/EB til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við tilskipun 95/31/EB er breytt og hann leiðréttur í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 15. febrúar 2008. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 346, 9.12.2006, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2007 frá 8. júní 2007 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 48, 11.10.2007, p. 3

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 40, 11.2.1989, bls. 27. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 237, 10.9.1994, bls. 3. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2006/52/EB (Stjtið. ESB L 204, 26.7.2006, bls. 10).

⁽³⁾ Stjtið. EB L 178, 28.7.1995, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2004/46/EB (Stjtið. ESB L 114, 21.4.2004, bls. 15).

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 8. desember 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

VIDAUKI

Viðaukanum við tilskipun 95/31/EB er breytt og hann leiðréttur sem hér segir:

1. Eftirfarandi texti varðandi E 968 erýtrítól bætist við á eftir E 967 xýlitol:

„E 968 ERÝTRÍTÓL

Samheiti	Mesó-erýtrítól, tetrahýdroxýbútan, erýtrit
Skilgreining	Fengið með gerjun kolvetnisgjafa með öruggum og hentugum osmósukærum gersveppum sem henta til matvælavinnslu, s.s. <i>Moniliella pollinis</i> eða <i>Trichosporonoides megachilensis</i> , og því næst hreinsun og þurrkun
Efnaheiti	1,2,3,4-bútantetról
EINECS-nr.	205-737-3
Efnaformúla	C ₄ H ₁₀ O ₄
Mólþyngd	122,12
Innihald	Að lágmarki 99% eftir þurrkun
Lýsing	Hvítir, lyktarlausir, ekki ídrægir, hitastöðugir kristallar með sætu sem svarar til u.þ.b. 60-80% af súkrósa
Sanngreining	
A. Leysni	Auðleysanlegt í vatni, lítillega leysanlegt í etanóli, óleysanlegt í dietýleter.
B. Bræðslumarksbil	119-123 °C
Hreinleiki	
Efnistap við þurrkun	Ekki yfir 0,2% (70 °C, sex klst. í loftæmdum þurrkara)
Súlfataska	Ekki yfir 0,1%
Afoxandi efni	Ekki yfir 0,3% gefið upp sem D-glúkósi
Ribítól og glýseról	Ekki yfir 0,1%
Blý	Ekki yfir 0,5 mg/kg“

2. Í stað textans um E 954, sakkaráin og natríum-, kalíum- og kalsíumsölt þess komi eftirfarandi:

„E 954 SAKKARÍN OG NATRÍUM-, KALÍUM- OG KALSÍUMSÖLT ÞESS**I) SAKKARÍN**

Skilgreining	
Efnaheiti	3-oxó-2,3-dihýdróbensó(d)isóþíasól-1,1-díoxíð
EINECS-nr.	201-321-0
Efnaformúla	C ₇ H ₅ NO ₃ S
Hlutfallslegur mólmassi	183,18
Innihald	Innihald að lágmarki 99% og ekki yfir 101% C ₇ H ₅ NO ₃ S miðað við vatnsfrítt efni
Lýsing	Hvítir kristallar eða hvítt kristallað duft, lyktarlaust eða með daufrí arómatískri lykt, með sætu bragði, jafnvel í mikið þynntum lausnum. Um það bil 300 til 500 sinnum sætara en súkrósi.

Sanngreining

Leysni

Lítillega leysanlegt í vatni, leysanlegt í basískum lausnum, torleysanlegt í etanóli

Hreinleiki

Efnistap við þurrkun

Ekki yfir 1% (105 °C, 2 klst)

Bræðslumarksbil

226-230 °C

Súlfataska

Ekki yfir 0,2% miðað við þurrefni

Bensó- og salísýlsýra

10 ml lausn í hlutföllunum 1:20 er áður sýrð með fimm dropum af ediksýru og bætt við hana þremur dropum af u.þ.b. 1 M járnklóríðlausn í vatni. Ekkert botnfall myndast og fjólublár litur kemur ekki fram.

o-tólúensúlfonamíð

Ekki yfir 10 mg/kg miðað við þurrefni

p-tólúensúlfonamíð

Ekki yfir 10 mg/kg miðað við þurrefni

Bensósýra-p-súlfonamíð

Ekki yfir 25 mg/kg miðað við þurrefni

Efni sem auðvelt er að kola

Finnst ekki

Arsen

Ekki yfir 3 mg/kg miðað við þurrefni

Selen

Ekki yfir 30 mg/kg miðað við þurrefni

Blý

Ekki yfir 1 mg/kg miðað við þurrefni

II) NATRÍUMSAKKARÍN**Samheiti**

Sakkarín, natriumsalt sakkaríns

Skilgreining

Efnaheiti

Natrium-o-bensósúlfimíð, natriumsalt 2,3-dihýdró-3-oxóbensísósúlfónasól, oxóbensísósúlfónasól, 1,2-bensísóþíasólín-3-ón-1,1-díoxíð natriumsalt díhýdrat

EINECS-nr.

204-886-1

Efnaformúla

C₇H₄NNaO₃S 2H₂O

Hlutfallslegur mólmassi

241,19

Innihald

Innihald að lágmarki 99% og ekki yfir 101% C₇H₄NNaO₃S miðað við vatnsfrítt efni**Lýsing**

Hvítir kristallar eða hvítt, kristallað molnað duft, lyktarlaust eða með daufrí lykt, með mjög sætu bragði, jafnvel í mikið þynntum lausnum. Um það bil 300 til 500 sinnum sætara en súkrósi í þynntum lausnum.

Sanngreining

Leysni

Auðleysanlegt í vatni, torleysanlegt í etanóli

Hreinleiki

Efnistap við þurrkun

Ekki yfir 15% (120 °C, 4 klst.)

Bensó- og salísýlsýra

10 ml lausn í hlutföllunum 1:20 er áður sýrð með fimm dropum af ediksýru og bætt við hana þremur dropum af 1 M járnklóríðlausn í vatni. Ekkert botnfall myndast og fjólublár litur kemur ekki fram.

o-tólúensúlfonamíð

Ekki yfir 10 mg/kg miðað við þurrefni

p-tólúensúlfonamíð

Ekki yfir 10 mg/kg miðað við þurrefni

Bensósýra-p-súlfonamíð	Ekki yfir 25 mg/kg miðað við þurrefni
Efni sem auðvelt er að kola	Finnst ekki
Arsen	Ekki yfir 3 mg/kg miðað við þurrefni
Selen	Ekki yfir 30 mg/kg miðað við þurrefni
Bly	Ekki yfir 1 mg/kg miðað við þurrefni

III) KALSÍUMSAKKARÍN

Samheiti

Sakkarín, kalsíumsalt sakkaríns

Skilgreining

Efnaheiti Kalsíum-o-bensósúlfimíð, kalsíumsalt 2,3-dihýdró-3-oxóbensísósúlfónasól, 1,2-bensísóþiasólín-3-ón-1,1-díoxíð-kalsíumsalt-hýdrat (2:7)

EINECS-nr. 229-349-9

Efnaformúla $C_{14}H_{18}CaN_2O_6S_2 \cdot 3\frac{1}{2}H_2O$

Hlutfallslegur mólmassi 467,48

Innihald Að lágmarki 95% $C_{14}H_{18}CaN_2O_6S_2$ miðað við vatnsfritt efni

Lýsing

Hvítir kristallar eða hvítt, kristallað duft, lyktarlaust eða með daufrí lykt, með mjög sætu bragði, jafnvel í mikið þynntum lausnum. Um það bil 300 til 500 sinnum sætara en súkrósi í þynntum lausnum.

Sanngreining

Leysni Auðleysanlegt í vatni, leysanlegt í etanóli

Hreinleiki

Efnistap við þurrkun Ekki yfir 13,5% (120 °C, 4 klst.)

Bensó- og salísýlsýra 10 ml lausn í hlutföllunum 1:20 er áður sýrð með fimm dropum af edíksýru og bætt við hana þremur dropum af 1 M járnklóríðlausn í vatni. Ekkert botnfall myndast og fjólublár litur kemur ekki fram.

o-tólúensúlfonamíð Ekki yfir 10 mg/kg miðað við þurrefni

p-tólúensúlfonamíð Ekki yfir 10 mg/kg miðað við þurrefni

Bensósýra-p-súlfonamíð Ekki yfir 25 mg/kg miðað við þurrefni

Efni sem auðvelt er að kola Finnst ekki

Arsen Ekki yfir 3 mg/kg miðað við þurrefni

Selen Ekki yfir 30 mg/kg miðað við þurrefni

Bly Ekki yfir 1 mg/kg miðað við þurrefni

IV) KALÍUMSAKKARÍN

Samheiti

Sakkarín, kalíumsalt sakkaríns

Skilgreining

Efnaheiti Kalíum-o-bensósúlfimíð, kalíumsalt 2,3-dihýdró-3-oxóbensísósúlfónasól, kalíumsalt 1,2-bensísóþiasólín-3-ón-1,1-díoxíðmónóhýdrat

EINECS-nr.

Efnaformúla $C_7H_4KNO_3S \cdot H_2O$

Hlutfallslegur mólmassi	239,77
Innihald	Innihald að lágmarki 99% og ekki yfir 101% C ₇ H ₄ KNO ₃ S miðað við vatnsfrítt efni
Lýsing	Hvítir kristallar eða hvítt, kristallað duft, lyktarlaust eða með daufri lykt, með mjög sætu bragði, jafnvel í mikið þynntum lausnum. Um það bil 300 til 500 sinnum sætara en súkrósi.
Sanngreining	
Leysni	Auðleysanlegt í vatni, torleysanlegt í etanóli
Hreinleiki	
Efnistap við þurrkun	Ekki yfir 8% (120 °C, 4 klst.)
Bensó- og salísýlsýra	10 ml lausn í hlutföllunum 1:20 er áður sýrð með fimm dropum af ediksýru og bætt við hana þremur dropum af 1 u.þ.b. M járnklóríðlausn í vatni. Ekkert botnfall myndast og fjöluþlár litur kemur ekki fram.
o-tólúensúlfonamíð	Ekki yfir 10 mg/kg miðað við þurrefni
p-tólúensúlfonamíð	Ekki yfir 10 mg/kg miðað við þurrefni
Bensósýra-p-súlfonamíð	Ekki yfir 25 mg/kg miðað við þurrefni
Efni sem auðvelt er að kola	Finnst ekki
Arsen	Ekki yfir 3 mg/kg miðað við þurrefni
Selen	Ekki yfir 30 mg/kg miðað við þurrefni
Bly	Ekki yfir 1 mg/kg miðað við þurrefni“

3. Í stað textans um E 955, súkralósa, komi eftirfarandi:

„E 955 SÚKRALÓSI

Samheiti	4,1',6'-tríklórgalaktósúkrósi
Skilgreining	
Efnaheiti	1,6-díklór-1,6-dídeoxý-β-D-frúktófúranósýl-4-klór-4-deoxý-α-D-galaktópyranósíð
EINECS-nr.	259-952-2
Efnaformúla	C ₁₂ H ₁₉ Cl ₃ O ₈
Mólmassi	397,64
Innihald	Inniheldur að lágmarki 98% og ekki yfir 102% af C ₁₂ H ₁₉ Cl ₃ O ₈ miðað við vatnsfrítt efni.
Lýsing	Hvít yfir í beinhvít duft, því sem næst lyktarlaust og kristallað.
Sanngreining	
A. Leysni	Auðleysanlegt í vatni, metanóli og etanóli
	Lítilllega leysanlegt í etýlasetati

B. Innrauð gleypni	Innrætt róf kalíumbromíðbeytu sýnisins sýnir hlutfallslegt hámark við svipaða bylgjutölu og sýnd er í viðmiðunarlitrófi sem er fengið með viðmiðunarstaðli fyrir súkralósa
C. Þunnlagsskiljun	Aðalbletturinn í prófunarlausninni hefur sama Rf-gildi og aðalbletturinn í staðallausn A sem um getur í prófuninni fyrir aðrar klóraðar tvísykrur. Þessi staðallausn er fengin með því að leysa 1,0 g af viðmiðunarstaðli súkralósa í 10 ml af metanóli.
D. Eðlissnúningur	$[\alpha]_{D20} = + 84,0^\circ$ til $+ 87,5^\circ$, reiknaður út miðað við vatnsfrítt efni (10% (massi miðað við rúmmál) lausn
Hreinleiki	
Vatn	Ekki yfir 2,0% (aðferð Karls Fischers)
Súlfataska	Ekki yfir 0,7%
Aðrar klóraðar tvísykrur	Ekki yfir 0,5%
Klóraðar einsykrur	Ekki yfir 0,1%
Trífenýlfosfínóxið	Ekki yfir 150 mg/kg
Metanól	Ekki yfir 0,1%
Bly	Ekki yfir 1 mg/kg ^{cc}

4. Í stað textans um E 962, aspartam- og asesúlfamsalt, komi eftirfarandi:

„E 962 ASPARTAM- OG ASESÚLFAMSALT

Samheiti	Aspartam-asesúlfam, aspartam-asesúlfamsalt
Skilgreining	Saltið er búið til með því að hita aspartam og asesúlfam K í hlutfallinu u.þ.b. 2:1 í lausn í súru umhverfi og láta þau kristallast. Kalíum og vatn eru fjarlægð. Framleiðsluvaran er stöðugri en aspartam eitt og sér.
Efnaheiti	6-metýl-1,2,3-oxapíasín-4(3H)-ón-2,2-díoxíðsalt af L-fenýlalanýl-2-metýl-L- α -asparssýru
Efnaformúla	$C_{18}H_{23}O_9N_3S$
Mólmassi	457,46
Innihald	63,0 til 66,0% aspartam (þurrefni) og 34,0 til 37% asesúlfam (sýra sem þurrefni)
Lýsing	Hvít, lyktarlaust, kristallað duft
Sanngreining	
A. Leysni	Torleysanlegt í vatni, lítillega leysanlegt í etanóli
B. Gegnhleypni	Gegnhleypni 1% lausnar í vatni, sem er ákvörðuð í 1 cm sýnahlykjum með viðeigandi litrófsmæli við 430 nm, með vatn sem viðmiðun, er að lágmarki 0,95, sem samsvarar gleypni sem er ekki yfir u.þ.b. 0,022
C. Eðlissnúningur	$[\alpha]_{D20} = + 14,5^\circ$ til $+ 16,5^\circ$ Ákvarðað við styrkinn 6,2 g í 100 ml af maurasýru (15N) innan 30 mínútna frá tilreiðslu lausnarinnar. Deilt er í reiknaðan eðlissnúning með 0,646 til að leiðrétta aspartaminnihaldið í aspartam- og asesúlfamsaltinu.

Hreinleiki	
Efnistap við þurrkun	Ekki yfir 0,5% (105 °C, 4 klst.)
5-bensýl-3,6-díoxó-2-píperasínedíksýra	Ekki yfir 0,5%
Blý	Ekki yfir 1 mg/kg ⁴⁴
5. Í stað textans um E 965 (i), maltítól, komi eftirfarandi:	
„E 965(i) MALTÍTÓL	
Samheiti	D-maltítól, vetnaður maltósi
Skilgreining	(α)-D-glúkópýranósýl-1,4-D-glúkítól
Efnaheiti	
EINECS-nr.	209-567-0
Efnaformúla	C ₁₂ H ₂₄ O ₁₁
Hlutfallslegur mólmassi	344,31
Innihald	Innihald að lágmarki 98% af D-maltítóli C ₁₂ H ₂₄ O ₁₁ miðað við vatnsfrítt efni
Lýsing	Hvít kristallað duft með sætu bragði
Sanngreining	
A. Leysni	Auðleysanlegt í vatni, lítillega leysanlegt í etanóli
B. Bræðslumarksbil	148 til 151 °C
C. Eðlissnúningur	[α] _D ²⁰ = + 105,5° til + 108,5° (5% (massi miðað við rúmmál) lausn)
Hreinleiki	
Vatn	Ekki yfir 1% (aðferð Karls Fischers)
Súlfataska	Ekki yfir 0,1% miðað við þurrefni
Afoxandi sykrur	Ekki yfir 0,1% táknað sem glúkósi miðað við þurrefni
Klóríð	Ekki yfir 50 mg/kg miðað við þurrefni
Súlföt	Ekki yfir 100 mg/kg miðað við þurrefni
Nikkel	Ekki yfir 2 mg/kg miðað við þurrefni
Arsen	Ekki yfir 3 mg/kg miðað við þurrefni
Blý	Ekki yfir 1 mg/kg miðað við þurrefni ⁴⁴
6. Í stað textans um E 965 (ii), maltítólsíróp, komi eftirfarandi:	
„E 965(ii) MALTÍTÓLSÍRÓP	
Samheiti	Vetnað, maltósaauðugt glúkósasíróp, vetnað glúkósasíróp
Skilgreining	Blanda, einkum úr maltítóli og sorbitóli ásamt vetnuðum fã- og fjölsykrum. Hún er framleidd með hvataðri vetnun á maltósaauðugu glúkósasírópi eða með vetnun einstakra efnisþátta þess og síðan blöndun. Verslunarvaran er á boðstólum bæði sem síróp og fast efni.
Innihald	Heildarinnihald vetnaðra sykra er að lágmarki 99% miðað við vatnsfrítt efni og innihald maltítóls að lágmarki 50% miðað við vatnsfrítt efni

Lýsing	Litlausir og lyktarlausir, tærir, seigfljótandi vökvar eða hvítt, kristallað efni
Sanngreining	
A. Leysni	Auðleysanlegt í vatni, lítillega leysanlegt í etanóli
B. Þunnlagsskiljun	Stenst prófunina
Hreinleiki	
Vatn	Ekki yfir 31% (aðferð Karls Fischers)
Afoxandi sykrur	Ekki yfir 0,3% (sem glúkósi)
Súlfataska	Ekki yfir 0,1%
Klóríð	Ekki yfir 50 mg/kg
Súlfat	Ekki yfir 100 mg/kg
Nikkel	Ekki yfir 2 mg/kg
Blý	Ekki yfir 1 mg/kg ⁴
7. Í stað textans um E 966, laktítól, komi eftirfarandi:	
„E 966 LAKTÍTÓL	
Samheiti	Laktít, laktósítól, laktóbíósít
Skilgreining	
Efnaheiti	4-O-β-D-galaktópýranósíl-D-glúkítól
EINECS-nr.	209-566-5
Efnaformúla	C ₁₂ H ₂₄ O ₁₁
Hlutfallslegur mólmassi	344,32
Innihald	Innihald að lágmarki 95% miðað við þurrefni
Lýsing	Kristallað duft eða litlausar lausnir með sætu bragði. Kristölluð framleiðsla finnst í vatnsfríum, ein- og tvívötnuðum formum.
Sanngreining	
A. Leysni	Auðleysanlegt í vatni
B. Eðlissnúningur	$[\alpha]_D^{20} = + 13^\circ$ til $+ 16^\circ$ reiknaður út miðað við vatnsfrítt efni (10% (massi miðað við rúmmál) vatnslausn)
Hreinleiki	
Vatn	Kristölluð framleiðsla, ekki yfir 10,5% (aðferð Karls Fischers)
Önnur pólýól	Ekki yfir 2,5%, miðað við vatnsfrítt efni
Afoxandi sykrur	Ekki yfir 0,2% táknað sem þurrefni glúkósa
Klóríð	Ekki yfir 100 mg/kg miðað við þurrefni
Súlföt	Ekki yfir 200 mg/kg miðað við þurrefni
Súlfataska	Ekki yfir 0,1% miðað við þurrefni
Nikkel	Ekki yfir 2 mg/kg miðað við þurrefni
Arsen	Ekki yfir 3 mg/kg miðað við þurrefni
Blý	Ekki yfir 1 mg/kg miðað við þurrefni ⁴